

## 096/01 - Sturlaugur H. Böðvarsson AK-10

Sturlaugur H. Böðvarsson AK-10, tveir skipverjar slasast við töku trolls

### Sturlaugur H. Böðvarsson AK-10

**Skipaskr.nr.:** 1585

**Smíðaður:** Akranesi 1981 Stál

**Stærð:** 431,00 brl; 712,00 bt

**Lengd:** 50,85 m **Breidd:** 9,00 m **Dýpt:** 6,40 m

**Vél:** Stork Werkspoor 1.589,00 kW **Ágerð:** 1987

**Annað:**

**Földi skipverja:** 15



### Atvikalýsing

Þann 12. janúar 2000 var Sturlaugur H. Böðvarsson AK-10, að togveiðum í "Sparisjóðnum" um 80 til 90 sml. SV af Reykjanesi. Veður: N-NA 10-15 m/sek. og þungur SV sjór.

- Verið var að taka inn trollið og bobbingalengjan komin á þilfar. Bakborðsgilsinum var slakað og einn skipverji var að draga hann aftur til að slá á belginn og var með stroffuna í annarri hendi og gilskrókinn í hinni. Skyndilega óklárast tógið á trommlunni og gilsinn hífðist inn. Krókurinn húkkaðist undir öryggisbeltið á skipverjanum og dró hann upp á flottrollstrommluna þegar hífingu var hætt.
- Skömmu seinna þegar verið var að slá stroffu á þriðju færur unnu tveir skipverjar saman að því sitt hvoru megin við belginn, sem lá stjórnborðsmegin í skutrennunni. Sá sem stóð bakborðsmegin var í rennunni en skipverjinn sem var stjórnborðsmegin stóð með hægri fótinn inn í rennunni og klofvega yfir niðurfellingu á skutrennu lunningunni. Skipið skreið upp á öldu og við það slaknaði á belgnum og seig hann niður undir þilfar. Þegar skipið féll fram af öldunni aftur stríkkaði skyndilega á belgnum og hann kastaðist upp og lenti á skipverjanum sem stóð stjórnborðsmeginn bograndi við að koma stroffunni á belginn. Höggið kastaði skipverjanum út úr rennunni og lenti hann á bakinu á landfestapolla sem þar var.

Báðir skipverjarnir kenndu sér einhverra meiðsla en héldu áfram vinnu sinni.

### Við rannsókn kom fram

- að skipið var í rólegum snúningi til stjórnborða til að halda trollinu í rennunni stjórnborðsmegin;
- að skipið skreið upp á öldu og seig nokkuð afturábak vegna lítillar ferðar, við það slaknaði á belgnum og þegar slakinn seig niður á þilfarið var híft aðeins í til að þeir sem slógu á kæmust betur að við ásláttinn;
- að skipið féll fram af öldunni, lyfti skutnum og við það stríkkaði skyndilega á belgnum og hann kastaðist upp.

### Nefndarálit

Nefndin telur ekki ástæðu til að álykta í þessu máli.